

Sp.

136. Tillaga til þingsályktunar

[82. mál]

um ráðstafanir til hjálpar ofdrykkjumönnum.

Flm.: Jónas Árnason, Ásmundur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefjast nú þegar handa um raunhæfar framkvæmdir til hjálpar ofdrykkjumönnum í samræmi við ákvæði laga nr. 55 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Greinargerð.

Til skamms tíma var óbyggð lóðin austan Fiskifélagshússins við Skúlagötu í Reykjavík, og gamall nótabátur lá þarna á hvolfi. Staðurinn vakti á sér athygli vegfarenda, því að mannmargt var þarna oft og allháværar drykkjur. Almenníngur nefndi staðinn Grand Hótel og henti gaman að. Ekki var þó eintómt gamanið í sambandi við hann, því að margir gestanna á Grand Hótel áttu hvergi heima, og þegar nótt færðist að með svefn og hvíld í húsum höfuðborgarinnar, þá krupu þeir undir nótabátinn, breiddu ofan á sig strigapoka og slitnar yfirhafnir og biðu þess, að nýr dagur rynni. Mun sú bið hafa verið löng og ómurleg stundum, enda nótt sjaldan hlý á Íslandi.

En nú er verið að reisa mikla byggingu á lóðinni austan við Fiskifélagshúsið, Grand Hótel horfið og burtu það húsnæði, sem þar stóð til boða heimilislausum mönnum. Og þeir hafa orðið að leita á aðra staði eftir vistarverum.

Norðan við Skúlagötu, andspænis Sænska frystihúsinu, standa gamlir skúrar. Þökin hafa að mestu verið rifin af þeim, og um þá eiga vindar loftsins allir frjálsa leið. En í einu skotinu stendur þó enn þá uppi þakið, og einn hinna heimilisláusu manna tók sér þar samastað á síðastliðnu vori. Í skotinu var tréhurð laus af hjörum, og á henni lá hann um nætur. Hann hafðist þarna við um þriggja mánaða skeið. Annars hefur Arnarhóll orðið helzta athvarf hinna heimilisláusu á sumrin. Þeir liggja þarna oft margir undir bárujárnsgríðingunni að norðan og sofa þótt komið sé fram á dag, þreyttir menn eftir kalda nótt, og hneyksla góða borgara. Á veturna sofa þeir í miðstöðvarklefum, þar sem láðst hefur að krækja aftur kjallaraglugga, eða í forstofum, þar sem gleymzt hefur að loka útidyrnum. Aðrir hreiðra um sig í ónýtum bröggum og kofum, þar sem regn fer hindrunarlítið gegnum þakið. Dæmi er til um mann, sem lengi hafðist við í hitaveitustokk. Enn fremur er þeim ósjaldan búin gisting í kjallara lögreglustöðvarinnar. Þar fá þeir trébekk að liggja á, vaðmálsteppi að breiða ofan á sig, vatnskrús að drekka úr og fötu að gera í þarfir sínar.

Annað er þarna ekki húsgagna. Bekkurinn er örmjór, og breidd klefans er tæplega tvöföld breidd bekkjarins. Lengd klefans er hæfileg fyrir meðalmann. Ljós er ekkert í klefanum nema skíma frá ofurlitlum glugga, sem snýr að ganginum, rammlega umbúinn traustum stálvir. Mönnunum er ekki hleypt út fyrr en henta þykir á skrifstofunni uppi. Komið hefur fyrir, að menn, sem voru settir niður að kvöldi, lágu þar dauðir og stirðnaðir að morgni. Margir koma upp lúsugir. En þrátt fyrir allt gerist það oft í kuldatíð, að hinir heimilislausu koma á lögreglustöðina og sárbiðja húsráðendur að setja sig niður. Oftar munu þeir þó dæmdir niður, — því að alltaf er verið að dæma þessa menn og sekta fyrir brot á áfengislögunum. Samkvæmt þeim lögum er ekki leyfilegt að neyta áfengis nema á sérstökum veitingastöðum og í heimahúsum. Menn þessir fá ekki aðgang að slíkum veitingastöðum, og þeir eiga hvergi heima. Það áfengi, sem þeir eignast, geta þeir því yfirleitt ekki drukkið nema ólöglega. — Sektirnar eru látnar safnast, unz komin er ákveðin upphæð. Þá fá þeir sérstakan dóm fyrir þær allar í einu lagi og eru síðan sendir til að afplána þær í tukhúsinu við Skólavörðustíg. Tukhúsvistin tekur venjulega hálfan mánuð. Þeir fá þarna nál og spotta til að staga í fót sín, geta þvegið af sér og snyrt á ýmsan hátt, og þeir hvílast. Margir þeirra eiga sína beztu daga í tukhúsinu. En að hálfum mánuði liðnum eru þeir svo á nýjan leik settir út í heimilisleysið, og þjóðfélagið skiptir sér ekki frekar af þeim, fyrr en aftur verður ástæða til að setja þá í kjallarann. Sú ástæða verður reyndar alltaf áður en lagt liður. Og hringrásin heldur áfram.

Svo sem áður var að vikið, fá þessir menn yfirleitt ekki aðgang að veitingastöðum. Það er því illmögulegt fyrir þá að kaupa sér heitan mat, þó að þeir hafi annars í höndunum peninga fyrir honum. Sumir þeirra nærast aldrei með öðrum hætti en þeim að kaupa sér eitthvert snarl í verzlunum, fara með það inn í port eða húsasund og éta það beint úr umbúðapappírnum. Eins og gefur að skilja eru margir þessara manna illa farnir eftir slíkt líf árum saman, og fullyrða kunnugir, að útleiðin mundi fyrir löngu hafa orðið þeim að aldurtíla, ef ekki væri fyrir þá aðhlyningu og heilsubót, sem þjóðfélagið veitir þeim öðru hverju í tukhúsinu.

Óþarft mun að taka það fram, að menn þeir, sem hér um ræðir, eru hinir svokölluðu „rónar“, kenndir við Hafnarstræti. Það er hugsanlegt, að einhverjir telji mál þeirra lítið erindi eiga inn á löggjafarsamkomuna; þeir geti sjálfum sér um kennt hin dapurlegu örlög sín; réttast sé, að menn taki einir á sig erfiðið af að komast upp úr því víti, sem þeir hafi sjálfir skapað sér. Á þessum vettvangi verður samt ekki gerð tilraun til að rekja þá þræði orsaka og afleiðinga, sem valda því, að menn hrekjast í útleið í höfuðborg Íslands; þó væri áreiðanlega lærdómsríkt fyrir stjórnendur landsins að sjá þar öll kurl til grafar komin, því að óvíst er, að þjóðfélagið hefði meiri sóma en þessir menn af slíkri athugun.

1. flm. tillögunnar er persónulega kunnugur sumum þessara manna. Og það er ekki sízt fyrir þann kunningssskap, sem honum hefur orðið ljóst, að mál þeirra er vert allrar athugunar af hálfu Alþingis, því að þetta eru yfirleitt hinu beztu menn, gæddir margvíslegum mannkostum, sem þjóðfélagið ætti að sjá sér hag í að nota til góðs, í stað þess að burtvísa þeim út í heimilisleysi, hungur og kulda. — Annars virðist raunar lítil ástæða til að óttast ranga afstöðu Alþingis í þessum efnum, því að með samþykkt þeirra laga, sem um getur í tillögunni, hefur það einmitt lýst sig fylgjandi því, að úrbótum verði þar hagað af fyllsta skilningi og raunsæi. Lög þessi voru samþykkt 17. maí 1949, og samkvæmt þeim er m. a. gert ráð fyrir:

að þeir, sem teknir eru höndum sakir ölvunar og eigi er unnt að sleppa þegar úr haldi, verði að fengnu læknisvottorði fluttir í þar til gert sjúkrahús eða sjúkrahúseild;

að reist verði gæzlustarhæli fyrir drykkjusjúka menn, en síðan verði þeim komið fyrir á öðrum hælum eftir því, hvers eðlis drykkjusýki þeirra er og hversu þeir eiga saman.

Um framkvæmd þessara laga vitnar m. a. lýsingin hér að framan: ölvuðum

mönnum er fleygt í kjallarann án nokkurrar læknisathugunar; þeir, sem þjást af drykkjusýki, ráfa um götur höfuðborgarinnar og eiga hvergi heima. — Samkvæmt lögnum á ráðherra að setja tvær nánari reglugerðir, aðra um meðferð ölvaðra manna „með sérstöku tilliti til þess, ef um endurtekin tilfelli, drykkjusýki eða yfirvofandi drykkjusýki er að ræða, að hlutaðeigendum gefist kostur á sem fullkomnum leiðbeiningum og aðstað sér til viðréttingar, og þá sérstaklega ef unglingar eiga í hlut“, hina um meðferð drykkjusjúkra manna, „þ. á m. með hverjum skilyrðum þeir verði teknir í gæzlu, rekstur gæzluvistarhæla . . ., gæzluvist þar og í einkaheimilum, vinnu gæzluvistarmanna, svo og aðrar skyldur þeirra og réttindi“. Ráðherra hefur hvoruga þessa reglugerð sett. — Fé til að standast kostnað af framkvæmd laganna skal koma úr sérstöku sjóði, gæzluvistarsjóði, en í hann renna 750 þús. kr. af ágóða áfengisverzlunar ríkisins á árunum 1950—1956.

Það mun allútbreidd skoðun, að lítil stoð sé í hælum til að bjarga þeim mönnum, sem hér að framan var einkum rætt um, enda sýni reynslan það, að jafnskjótt og þeir komi út af hælunum séu þeir flestir horfnir aftur til síns fyrra líferniss. Flm. hafa aðeins ófullkomna vitneskju um framkvæmd þeirra tilrauna, sem hér hafa verið gerðar með drykkjumannahæli, og þeir geta því ekki um það sagt, hvort málum hafi þar verið hagað eins og rétt hefði verið til að tryggja þann árangur, sem eftir var sótt. En hitt er fullvist, að þjóðfélaginu hefur láðst að veita þeim drykkjumönnum, sem einhvern tíma hafa verið á hæli, þá aðhlyningu, sem þeir þörfnuðust umfram allt að aflokinni hælsvistinni. Þeir hafa flestir komið úr útleög á hælið. Þeir hafa farið af hælínu sömu leið í útleög aftur. Og hér stendur penninn á kjarna þessa máls. Því að ásamt áfenginu er heimilisleysið helzta orsök þess, að menn þessir hafa gefizt upp við að komast aftur inn fyrir garð í mannlegu samfélagi. Og ef þessir menn eiga að hafa nokkur raunhæf not þeirrar aðstoðar, sem einhver stofnun, hæli eða sjúkrahús, kann að bjóða þeim til að brjótaskaparáttlegðinni, þá verður jafnframt að tryggja það, að bøl heimilisleysisins gini ekki við þeim á nýjan leik, jafnskjótt og þeir eru aftur komnir úr vernd slíkrar stofnunar. Lífi þessara manna hefur lengi verið þann veg háttað, að áfengið er fyrst og fremst orðið þeim hjálparmeðal til að harka af sér ægilegar raunir. Og það er þeim óbærileg tilhugsun að verða ef til vill að þola þær raunir án þessa meðals. Þess vegna er höfuðnauðsyn, að þeir geti treyst því fullkomlega, að vist á hæli verði þeim annað og meira en stundarhlé á útleöginni. Þeir þurfa að geta treyst því, að hún verði þeim upphaf nýs og betra lífs.

Niðurstaðan verður því þessi: Það er ekki nóg að gera hæli handa þessum mönnum. Það verður jafnframt að sjá svo um, að þeir eigi sér einhvern samastað er hælsvistinni lýkur, eigi einhvers staðar heima. Og það verður að útvega þeim vinnu, því að fátt er jafn lamandi fyrir þrek eins manns og kjark eins og það að hafa ekkert fyrir stafni. Og fátt mun meiri stoð þeim manni, sem vill rífa sig upp úr drykkjuskap, heldur en það að hafa nóg að gera. — Um þetta atriði málsins er að vísu aðeins laust að kveðið í sjálfum lögnum, en eflaust mun hafa verið gert ráð fyrir, að um það yrðu nánari ákvæði í þeim reglugerðum, sem ráðherra á að setja.

Að lokum vilja flm. taka það fram, að þeim virðist bæði sjálfsagt og eðlilegt, að menn þeir, sem mál þessi snúast um, verði hafðir með í ráðum um framkvæmd þeirra. Nógu lengi hafa þeir átt að mæta skilningsleysi af hálfu þjóðfélagsins. Nógu lengi hefur þjóðfélagið látið ríkja gagnvart þeim viðhorf hins vandlætingarfulla borgara, sem er síhneysklaður yfir því, að þeim verður stundum á að biðja hann að hjálpa sér um 5 krónur. Nú er kominn tími til að breyta því viðhorfi. Nú er kominn tími til að finna menn þessa sjálfa að máli og segja: „Vinur, hvað er hægt að gera fyrir þig?“